

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 143/1452*  
*komudagur 6.4.2014*

Nefndarsvið Alþingis  
Utanríkismálanefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 6. apríl 2014.

**Umsögn um tillögu til þingsályktunar** um að draga til baka umsókn Íslands um aðild að Evrópu-sambandinu og um eflingu samstarfs við Evrópusambandið og Evrópuríki. Lögð fyrir Alþingi á 143. löggjafarþingi 2013–2014 í þingskjali 635 – 340. mál.

Aðild Íslands að ESB – bandalagi vestrænna þjóða í Evrópu, er mikilvægara og stærra hagsmunamál en svo að stjórnmalaflokkar eða ríkisstjórn eigi án beinnar aðkomu þjóðarinnar að stöðva það samningaferli sem staðið hefur yfir undanfarin ár, ferli sem 27 fullvalda Evrópuþjóðir og Alþingi samþykktu að hefja. Hagsmunir atvinnulífs, heimila og ungs fólks er í húfi – framtíð Íslands sem telur aðeins 0,3 milljónir íbúa er í húfi sem sannarlega þarf á öruggum og öflugum bandamönnum á að halda eins og sagan kennir okkur. Íslendingar verða auk þess að sýna stöðugleika í utanríkismálum.

Ríkisstjórn Íslands og Alþingi eiga að sýna þjóðinni þá sjálfsögðu virðingu að leggja framhald aðildarviðræðna Íslands og Evrópusambandsins í dóm allra Íslendinga með þeirri þjóðaratkvæðagreiðslu sem forystufólk núverandi stjórnarflokka sögðu margítrekað að haldin yrði. Víst er að stjórnarflokkarnir fengu fjölda atkvæða útá þetta margendurtekna kosningaloforð, en fjórir af hverjum fimm landsmönnum vilja ljúka aðildarviðræðum við ESB samkvæmt skoðanakönnunum.

Þegar verulegur ágreiningur verður um utanríkisstefnu og meiriháttar hagsmunamál fámennrar þjóðar, er nauðsynlegt að ná sem víðtækastri sátt. Þetta mikilvæga mál sem nú klýfur þjóðina er það risavaxið að það er ekki á færri stjórnmalaflokka að leysa án beinnar aðkomu þjóðarinnar.

Í ljósi loforðs ráðherra síðustu 12 mánaða um að þjóðin fengi að útkljá þetta risavaxna deilumál í þjóðaratkvæðagreiðslu, ber þessum sömu ráðherrum skylda til að standa við það loforð sem gefið var í kosningabaráttunni fyrir ári síðan enda tók formaður Sjálfstæðisflokksins sérstaklega fram að við það yrði staðið. Sama loforð var ítrekað eftir kosningar og hafa engar forsendur breyst síðan þá sem gefa tilefni til að umturna því sem þá var sagt og ganga gegn gefnum loforði um þjóðaratkvæðagreiðslu á kjörtímabilinu.

Ef núverandi stjórnarflokkar, sem að öllum líkindum verða við völd næstu þrjú árin, vilja ekki halda samningaferlinu áfram, er eðlilegast að óska eftir því við Evrópusambandið að hlé á aðildarviðræðunum vari fram yfir næstu þingkosningar. Einnig er mikilvægt að Alþingi láti skoða mögulegar afleiðingar þess að Ísland uppfyllir ekki skilmála EES samningsins.

Ég hvet Alþingi eindregið að hlusta á óskir 80% þjóðarinnar og taka mark á undirskriftum 53.000 Íslendinga, eða 22% kosningabærra manna, að leggja ákvörðun um framhald aðildarviðræðna Íslands og Evrópusambandsins í dóm Íslendinga með því að efna til þjóðaratkvæðagreiðslu sem fyrst, en eigi síðar en á kjörtímabilinu.

Einnig vona ég að utanríkisráðherra beri gæfu til að virða vilja mikils meirihluta þjóðarinnar og leggi til hliðar umrædda þingsályktunartillögu – þjóðin fái að hafa síðasta orðið!

Virðingarfyllst,

Agnar H. Johnson  
Aflagranda 34  
107 Reykjavík